

úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heilidsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 525/1996 um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

## 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	Að lágmarki: 4.500 kg	Að hámarki: 7.000 kg
-----------	------------------------	--------------------------	-------------------------

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 1998.*

F. h. r.

**Björn Sigurbjörnsson.**

*Jón Höskuldsson.*

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

## 1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr töluliður, 3.8., sem orðast svo:

Um borð í bátum undir 12 metrum sem notaðir eru í atvinnuskyni skal vera viðurkenndur vinnufatnaður fyrir alla um borð, sem er einangrandi og búinn floti.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1998.

*Samgönguráðuneytinu, 3. júní 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Helgi Jóhannesson.*